

Við viljum réttlátt skattkerfi og laun fyrir dagvinnu sem duga einstaklingnum til við-unandi framfærslu.

Til þess þarf:

- ♀ að hækka lægstu laun til samræmis við framfærslukostnað einstaklings sem nú er um 80 þúsund krónur á mánuði,
- ♀ að miða skattleysismörk við sömu upphæð,
- ♀ að taka tillit til framfærslu barna við álagningu skatta,
- ♀ að taka upp annað tekjuskattsprep sem miðist við um 3 milljóna króna ársteckjur,
- ♀ að fella niður virðisaukaskatt á matvæluun og hækna virðisaukaskatt á munaðarvörum,
- ♀ að skattleggja fjármagnstekjur sem eru umfram hófleg mörk.

Við viljum að velferð barna verði forgangsmál í samfélaginu.

Til þess þarf:

- ♀ að gefa fólki kost á stytti og sveigjanlegri vinnutíma,
- ♀ að lengja fæðingarorlof í níu mánuði,
- ♀ að tryggja að öllum börnum standi til boða leikskólavist sem taki mið af vinnutíma foreldra,
- ♀ að sjá til þess að fé verði veitt úr ríkissjó til uppyggingar leikskóla í samvinnu við sveitarfélög,
- ♀ að framfylgja grunnskólalögnum þannig að skólinn verði einsetinn, skóladagur lengdur og börn fái máltíðir í skólam,
- ♀ að meta uppeldis- og umönnunarstörf til launa í samræmi við mikilvægi þeirra,
- ♀ að efla friðarfræðslu og forvarnir gegn hvers kyns ofbeldi í samfélaginu.

Við viljum tryggja efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Til þess þarf:

- ♀ Ísland að standa utan Evrópubandalagsins og evrópska efnahagssvæðisins,
- ♀ að búa svo um hnútana í samningum við önnur ríki að Íslendingar hafi full yfirráð yfir auðlindum lands og sjávar,
- ♀ efla samskipti við önnur ríki á sem flestum sviðum.



Kvenna listinn

Við viljum mannúðlegra samfélag sem sviptir þá einstaklinga ekki mannlegri reisn sem búa við ellihörnun, fötlun eða erfiðar félagslegar aðstæður.

Til þess þarf:

- ♀ að hraða uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða í Reykjavík en þar eru nú hlutfallslega færri hjúkrunarrýni en í öðrum kjördæmum landsins,
- ♀ að gera átak í húsnæðismálum geðsjúkra en tugir þeirra eiga í engin hús að venda að lokinni dvöl á geðsjúkrahúsum,
- ♀ að gera föluðum kleift að taka þátt í lífi og starfi til jafns við aðra þegna landsins,
- ♀ að koma upp sambýlum fyrir vegalaus börn og unglings sem eiga við erfið félagsleg og tilfinningaleg vandamál að etja.

Við viljum atvinnustefnu sem byggist á fjölbreytni, tekur mið af þörfum framtíðar jafnt sem nútíðar og er náttúrunni vinsamleg.

Til þess þarf:

- ♀ þróun atvinnulífsins að taka mið af konum og vera til þess fallin að ýta undir hugvit þeirra og frumkvæði,
- ♀ að styðja rannsóknir og þróunarstarf sem er undirstaða nýsköpunar og öflugs atvinnulífs,
- ♀ að leggja áherslu á að nýta betur þau gæði lands og sjávar sem við höfum yfir að ráða,
- ♀ atvinnulífið að vera til fyrir fólkid en ekki fólkid fyrir atvinnulífið.

Við viljum þjóðfélag sem setur virðingu við Móður Jörð í öndvegi, byggir á jafnvægi manns og náttúru, þar sem lýðræði og kvenfrelsi ríkir.

Til þess þarf:

- ♀ hugarfarsbyltingu,
- ♀ að taka mið af því besta úr reynslu og menningu kvenna, sem karla, þegar stefna er mörkuð í samfélaginu,
- ♀ að koma kvennapólitískum sjónarmiðum til áhrifa í íslensku efnahags- og atvinnulífi,
- ♀ að auka áhrif kvenna á mótu og stjórn íslenska stjórnerfisins.